

Miðvikudaginn 17. maí 1961.

Nr. 190/1959. **Haraldur Kristinsson**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

**Ræktunarfélagi Vestur-Ísafjarðarsýslu**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa ræktunarfélags um greiðslu fyrir skurðgröft.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. október 1959, skotið máli þessu til Hæstaréttar 23. s. m. og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það hafa eigi verið leiddar sönnur að því, að áfrýjandi hafi beiðzt skurðgraftar þess á landi sínu, sem í málinu greinir, né játazt undir að greiða kostnað af honum, og eigi hefur verið leitt í ljós með matsgerð samkvæmt 147. gr. vatnalaga nr. 15/1923, að hann hafi haft gagn eða auðgun af skurðgreftinum, þannig að honum sé skylt samkvæmt 79. gr. þeirra laga að bera kostnað af honum. Ber því að taka kröfu hans um sýknu í málinu til greina.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Áfrýjandi, Haraldur Kristinsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ræktunarfélags Vestur-Ísafjarðarsýslu, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur aukadóms Ísafjarðarsýslu 8. júlí 1959.

Ár 1959, miðvikudaginn 8. júlí, var á aukadómsþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var í sýsluskrifstofunni á Ísafirði af Jóh. Gunnari Ólafssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 22. júní s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómsþinginu með stefnu, útgefni 22/7 1958, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, af Jóhannes Davíðssyni, bónda í Neðri-Hjarðardal, f. h. Ræktunarfélags Vestur-Ísafjarðarsýslu gegn Haraldi Kristinssyni, bónda á Haukaberghi í Mýrahreppi, til greiðslu á skuld fyrir skurðgröft á eignarhlutum hans í Núpi og Kotnúpi svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2.247.48 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefnandi hefur lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð kr. 2.330.00.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Með stefnu, útgefni 19. janúar 1959, var þeim Hauki og Valdimar Kristinssonum stefnt inn í mál þetta af stefnda til að veita honum allan þann stuðning, sem þeir mættu, og til að gæta hagsmuna sinna.

Málsatvik eru þessi:

Sumarið 1953 fékk stefnandi, sem er formaður Ræktunarfélags Vestur-Ísafjarðarsýslu, Sigfús Þorsteinsson, ráðunaut Búnaðarfélags Íslands, til að mæla fyrir skurðum í Mýrahreppi, og þá um haustið mældi hann fyrir skurðum í Núps- og Kotnúpslandi, eign stefnda og meðstefndu.

Stefndi er eigandi að  $\frac{1}{8}$  úr Núpsjörðinni og  $\frac{1}{8}$  úr Kotnúpslandi, sem er fremri hluti Nesja og neðri hluti Kotnúpsengja, og er það landspilda milli Núpsár og holtanna fyrir ofan, þ. e. landspilda beggja megin landamerkja Núps og Kotnúps. Sigfús mældi fyrir skurðum í landi meðstefndu og síðan einnig fyrir skurðum í landi stefnda. Vorið 1954 var svo byrjað á skurðgreftinum og fengnir til þess skurðgröfumenn. Þeir byrjuðu að grafa í landi meðstefndu og síðan í landi stefnda. Grafnir voru tveir samliggjandi skurðir eftir endilöngum Núpsengjum og Nesjum, og liggja skurðirnir í gegnum landspildu stefnda.

Þegar stefnandi fór að innheimta skurðgröfukostnaðinn, kr. 2.247.48, neitaði stefndi að greiða og barði við, að hann hefði ekki

beðið um, að þessi landspilda hans yrði grafin, enda hefði hann látið grafa svo mikið land á Haukabergi og Leiti, að hann þyrfti ekki á meira landi að halda til ræktunar í náninni framtíð.

Stefnandi skýrir svo frá: Það er venja, að ræktunarsamböndin taki skurðgröfu á leigu hjá Vélasjóði ríkisins. Sjá þau síðan um skurðgröftinn og innheimtukostnaðinn. Ráðunautar Búnaðarfélags Íslands mæla fyrir skurðum að ósk formanna ræktunarsambandanna, eftir því sem þurfa þykir. Ráðunautunum er skýrt frá, á hvaða bæi þeir eigi að fara, og er farið á þá eftir röð.

Stefnandi var ekki viðstaddur, er mælt var fyrir skurðum í Mýrahreppi 1953. Hann kvað það venju, að bændur á viðkomandi bæjum tækju á móti mælingamönnum og sýndu þeim það land, sem þeir vildu láta grafa. Stefnandi vissi ekki, hvar eða hve mikið skyldi grafa í hverri landareign, fyrr en hann mældi hina gröfnu skurði sem úttektarmaður jarðabóta. Ekki vissi stefnandi, hvað fór á milli mælingamannsins og stefnda, en telur þó, að hann hafi mælt landið með hans samþykki og vilja. Sigfús Þorsteinson ráðunautur, sem mældi þessa spildu í landi stefnda, eins og annað land í hreppnum, hefur ekki komið fyrir dóm í máli þessu, en á dómsskjali nr. 18 hefur hann gefið þá skýrslu, að hann hafi skilið stefnda svo, að hann óskaði að fá sitt land grafið, sem og gert var. Hann kvaðst örugglega hafa farið til stefnda, er hann hafði mælt fyrir skurðunum í landi hans, og skýrt fyrir honum, hvernig þeir lægju, og hefði hann virzt samþykkur því.

Stefnandi kvaðst ekki hafa vitað, að stefndi hefði ekki vilj- að láta gera skurð í land sitt á Núpi og Kotnúpi, fyrr en greftinum var lokið, og krefst því, að hann greiði kostnaðinn. Einnig byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi tilkynnti honum ekki, að hann vildi ekki láta grafa í sínu landi, þótt honum væri kunnugt um mælingar Sigfúsar Þorsteinsonar og byrjað yrði að grafa í landi hans vorið 1954. Stefnandi telur, að það hafi verið skylda stefnda að tilkynna það í tæka tíð, að hann vildi ekki láta grafa í sínu landi.

Stefndi hefur skýrt frá því, að hann hafi beðið mælingamanninn að mæla í landi Haukabergs, en ekki beðið um mælingar fyrir skurðum í landi Núps eða Kotnúps. Stefnandi kvaðst hafa sagt mælingamanninum frá því, að hann létji ekki mæla það land. Stefnandi var kunnugt um mælingar Sigfúsar Þorsteinsonar á landi hans, en segist hafa haldið, að sú mæling væri ekki gerð á sinn kostnað, þar sem hann hefði tjáð honum, að hann vildi ekki að landið yrði mælt. Hann taldi þá Hauk og Valdimar Kristinssyni

hafa beðið um mælinguna og að hún hefði verið gerð á þeirra vegum.

Ekki kvaðst hann hafa haft vitneskju um, að skurðirnir hefðu verið grafnir, fyrr en verkið var unnið.

Umboðsmaður stefnda hefur krafizt sýknu á þeim forsendum, að þessi skurðgröftur hafi verið framkvæmdur án beiðni hans, eins og mælingin. Hann kvað stefnda hafa haldið, að mælingin væri framkvæmd vegna framtíðaráætlana eða skipulagningar. Stefndi hefði enga þörf eða ábata haft af skurðgreftinum. Umboðsmaður stefnda hélt því fram, að stefnda hefði ekki borið nein skylda til að tilkynna sérstaklega, að hann vildi ekki láta grafa í landi sínu, heldur hafi stefnanda borið að ganga örugglega úr skugga um, áður en skurðgröfturinn hófst, að samþykki stefnda lægi fyrir.

Stefndi hefur meðstefnt Hauki og Valdimar Kristinssonum inn í mál þetta, en umboðsmaður þeirra hefur í greinargerð sinni mótmælt þeirri stefnu og fyrir þeirra hönd neitað að veita stefnda lið og lýst yfir, að þeir mundu ekki verða honum til mótgangs. Meðstefndu héldu því fram, að þeir hafi ekki beðið um skurðgröft í landi stefnda og að þeir hafi brýnt fyrir mælingamanninum að hafa tal af stefnda til að forðast árekstra.

Það hefur komið fram í málinu, að stefnda var kunnugt um mælingar Sigfúsar Þorsteinssonar og að þær fóru fram samkvæmt beiðni hans í landi Haukabergs og Leitis. Þá er viðurkennt, að hann vissi um mælingarnar í landi Núps og Kotnúps og fyrirhugaðan skurðgröft. Þrátt fyrir þetta hafði hann ekki uppi mótmæli við stefnanda í þá átt, að mælingarnar og skurðgröfturinn færi fram.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 2000 krónur.

#### Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Kristinsson, greiði stefnanda, Jóhannesi Davíðssyni f. h. Ræktunarfélags Vestur-Ísafjarðarsýslu, kr. 2.247.48 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---